

# Fundargerð 14. fundar

## Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 7. október 2014

Þriðjudaginn 7. október 2014 kl. 09.00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Mættir voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir formaður, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Elliði Vignisson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ritaði fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Undirbúningur aðalfundar 2014

Rætt um undirbúning aðalfundar samtakanna sem verður miðvikudaginn 8. október 2014 kl. 13:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

*Dagskrá aðalfundarins var samþykkt ásamt fjárhagsáætlun fyrir næstu tvö ár. Starfsmanni og ritara falið að finna fundarstjóra og ritara fyrir aðalfundinn. Ákveðið að vera með kjörnefnd á þinginu en nokkrir aðilar hafa sýnt því áhuga á að vera í stjórn samtakanna.*

### 2. Landsþing sambandsins

Rætt um umræður um sjávarútvegsmál á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var 24.-26. september 2014.

*Samþykkt að fela nýrri stjórn að funda með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni samtakanna.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:55

Fundargerð skráði VRH.